



Gjöf mótefna í æð

Þessar leiðbeiningar eru ætlaðar þeim sem eru að hefja meðferð með mótefnum í æð. Meðferðin er veitt til varnar sýkingum eða til að vinna á þeim. Auk þess að geta bætt líðan og heilsu getur hún dregið úr einkennum ákveðinna sjúkdóma og þörf á annarri lyfjameðferð.

Mótefni (immunoglobulin) eru prótín sem aðstoða líkamann aðallega við að vinna gegn sýkingum. Þau eru því mikilvægur hluti ónæmiskerfis líkamans. Suma skortir mótefni eða þeir framleiða mótefni sem starfa ekki eðlilega og þurfa því á mótefnagjöf að halda í lengri eða skemmri tíma. Einnig eru þau gefin til meðferðar við ákveðnum sjálfsonæmis- og bólgusjúkdómum. Mótefni, sem gefin eru sem lyf, eru unnin úr gjafablóði.

Eftir að greining sjúkdóms liggur fyrir og ákvörðun hefur verið tekin um meðferð með mótefnum í æð er sótt um leyfi fyrir lyfinu. Það tekur yfirleitt um einn mánuð.

Undirbúningur fyrir meðferð

Þegar leyfi fyrir lyfinu er fengið fær sjúklingur sent boð um að koma í mótefnagjöf á spítalann. Hjúkrunarfræðingar veita nánari upplýsingar og fræðslu í símtali eða viðtali á deild.

Mikilvægt er að drekka vel af vökva (vatn, safi) daginn fyrir lyfjagjöf og samdægurs. Ráðlagt er að borða vel áður en lyfjagjöf hefst því það getur minnkað líkur á vanlíðan af lyfjagjöfinni.

Í einhverjum tilvikum getur þurft að fresta mótefnagjöf vegna sýkingar en lækni tekur ákvörðun um það.

Hvernig lítur lyfið út og hvernig er það gefið?

Lyfið er vökvi sem gefinn er í æð. Lyfjagjöfin fer yfirleitt fram á dag- og göngudeildum. Ástæða meðferðar ræður lengd meðferðar og hversu oft lyfið er gefið en algengt er að mótefni séu gefin á 3-4 vikna fresti.

Lyfið er gefið hægar í upphafi fyrstu meðferðar en hún tekur yfirleitt um 2-3 klst. Meðan á lyfjagjöf stendur fylgjast hjúkrunarfræðingur og sjúkraliði náið með líðan og viðbrögðum við lyfinu og mæla lífsmörk reglulega. Ef líðan breytist ekki og engin merki um ofnæmi koma fram er lyfið gefið hraðar. Ef ofnæmisviðbrögð koma ekki fram er óhætt að gefa lyfið hraðar við seinni gjafir, eða á um tveimur klukkustundum.

Mögulegar aukaverkanir

Það er einstaklingsbundið hvort og hversu miklar aukaverkanir koma fram. Þær geta komið fram á meðan á lyfjagjöf stendur fljótlega eftir að henni lýkur.

Láttu starfsfólk deildar strax vita af aukaverkunum sem koma fram til þess að hægt sé að bregðast við þeim.

Algengar aukaverkanir eru:

- Þreyta, þróttleysi
- Höfuðverkur
- Kuldahrollur
- Hiti
- Sundl eða svimi
- Breytingar á blóðþrýstingi
- Einkenni á stungustað s.s. roði, bólga, kláði og verkir

Sjaldgæfar aukaverkanir eru:

- Ofnæmisviðbrögð meðan á gjöf lyfs stendur eru sjaldgæf en geta verið alvarleg. Þau geta lýst sér sem t.d. hrollur, útbrot, kláði, kviðverkur, svimi, hiti og roði. Þá getur blóðþrýstingur lækkað.
- Liðverkir, ógleði, uppköst eða verkir til dæmis í neðri hluta baks.
- Blóðtappi, sem lýsir sér t.d. með skyndilegri mæði, verk eða þrota á hand- eða fótlegg, breytingu á sjón eða brjóstverk. Komi eitthvað af þessu fram á að leita til næstu bráðamóttöku eða hringja í 112.

Pegar heim er komið

Ráðlagt er sérstaklega á meðferðardegi og daginn eftir meðferð að vera vakandi fyrir einkennum sem bregðast þarf við.

Hafðu samband við deild eða leitaðu á bráðamóttöku ef eftirfarandi einkenni koma fram:

- Hiti hækkar, eða mælist 38°C eða hærri
- Óvenju mikill slappleiki eða þreyta
- Slæmur eða versnandi roði eða kláði í húð
- Útbrot, liðverkir eða önnur ný einkenni
- Skyndileg mæði, verkur eða þroti á hand- eða fótlegg, breyting á sjón eða brjóstverkur

Í bráðatilvikum er leitað á bráðamóttöku eða hringt í 112

Mikilvægt er fyrir þá sem skortir mótefni að stunda heilbrigt lífni, viðhafa góðar svefnvenjur auk þess að fylgja leiðbeiningum um góða líkamshirðu og sýkingavarnir. Slíkar forvarnir styrkja ónæmiskerfið og draga þannig enn frekar úr líkum á sýkingu.

Bólusetningar og gjöf mótefna

Til að minnka hættu á ýmsum sýkingum er mikilvægt að fylgja leiðbeiningum um bólusetningar, s.s. að fara árlega í influensu bólusetningu. Regluleg mótefnamedferð getur dregið úr virkni bólusetninga, sérstaklega skömmu eftir gjöf. Því er ráðlegt að fara í bólusetningu viku fyrir næstu, áætluðu lyfjagjöf.

Hafa þarf í huga að einstaklingar með meðfæddan alvarlegan mótefnaskort mega ekki fá bóluefni með lífandi veikluðum sýklum t.d. gegn mislingum, rauðum hundum, hettusótt og hlaupabólu.

Hafðu samráð við lækni ef bólusetningar eru fyrirhugaðar.

